

Árið 2010 gerði Vigdís Guðmundsdóttir rannsókn um möguleg áhrif fræðslu og upplýsinga á viðbrögð starfsfólks en en hún kannaði viðbrögð fjögurra leikskólastjóra eftir að grunur vaknaði um að börn á leikskólunum hefðu verið þolendur kynferðislegs ofbeldis.¹ Kannað var hvort lífsgildi og stjórnunarstíll hefðu áhrif á hvernig þeir brygðust við. Jafnframt var kannað hvort munur væri á þekkingu starfsfólks eftir því hvort leikskólarnir gáfu sig út fyrir sérþekkingu á málefninginu eða ekki. Leikskólastjórnarnir fjórir höfðu rúmlega 20 ára starfsreynslu og hjá þeim störfuðu 85 starfsmenn. Helstu niðurstöður sýndu að leikskólastjórnarnir höfðu skýrar reglur um hvernig bregðast ætti við grun um kynferðislegt ofbeldi og töldu að þeir bæru ábyrgð á að gera eitthvað í málinu. Þeir lögðu ríka áherslu á að nýta reynslu starfsfólks síns og dreifa ábyrgðinni eftir því sem við átti. Niðurstöður sýndu að marktækur munur var á þekkingu starfsfólks á kynferðisofbeldi gegn börnum eftir því hvort leikskólarnir gáfu sig út fyrir að hafa sérþekkingu á málefninginu eða ekki. Þátttakendur höfðu almennt grunnþekkingu á skyldum sínum og alvarleika vandans en þekkingarmunurinn var mikill eftir því hvort starfsfólk hafði fengið sérstaka fræðslu um efnið. Þar er átt við fræðslu sem Blátt áfram býður upp á, þ.e. námskeiðið „Verndarar barna“.²

¹ Vigdís Guðmundsdóttir (2010).

² Sama heimild, bls. 5.

Vinsamlegast notið þetta auðkenni þegar þið vitnið til verksins eða tengið í það: <http://hdl.handle.net/1946/5800>

Titill

Að bera kennsl á kynferðisofbeldi hjá börnum á leikskólaaldri : hvernig taka leikskólastjórar á málefningu í starfi?

Höfundur

- Vigdís Guðmundsdóttir

Leiðbeinendur

- Arna H. Jónsdóttir
- Steinunn Helga Lárusdóttir

Efnisorð

- Meistaraprófsritgerðir
- Stjórnunarfræði menntastofnana
- Leikskólabörn
- Kynferðisleg misnotkun barna
- Barnavernd
- Leikskólar
- Leikskólastjórar
- Tilviksrannsóknir

Útdráttur

Markmið rannsóknarinnar var að skoða hverjar starfsaðferðir fjögurra leikskólastjóra væru þegar grunur vaknar um kynferðislegt ofbeldi á leikskólabörnum. Kannað var hvort lífsgildi og stjórnunarstill hefðu áhrif á hvernig þeir tækju á slíkum málum. Jafnframt var kannað hvort munur væri á þekkingu starfsfólks eftir því hvort leikskólarnir gæfu sig út fyrir að hafa sérþekkingu á málefningu eða ekki.

Þátttakendur voru fjórir leikskólastjórar með rúmlega 20 ára starfsreynslu ásamt 85 starfsmönnum þeirra. Um er að ræða tilviksrannsókn þar sem beitt var eigindlegri rannsóknaraðferð til að kanna þekkingu og aðferðir leikskólastjóra. Einnig var megindlegri aðferð beitt þar sem gátlisti var lagður fyrir starfsfólk til að kanna þekkingu þeirra á kynferðisofbeldi.

Helstu niðurstöður sýndu að leikskólastjóramir höfðu allir skýrar reglur um hvað ætti að gera þegar grunur um kynferðislegt ofbeldi kæmi upp og töldu að ábyrgðin væri þeirra að taka á málinu. Þeir lögðu mikla áherslu á að nýta reynslu starfsfólks síns og dreifa ábyrgðinni á fleiri eftir því sem við átti. Leikskólastjórnarnir töldu gildi og stjórnunarstíla sína hafa áhrif á hvernig þeir tækjust á við þessi mál. Niðurstöður sýndu að marktækur munur var á grunnþekkingu starfsfólks á kynferðisofbeldi eftir því hvort leikskólarnir gáfu sig út fyrir að hafa sérþekkingu á málefningu eða ekki.

Þótt ekki sé hægt að alhæfa um þekkingu og nálgun leikskólastjóra almennt út frá þessari rannsókn þá sýndu niðurstöður að leikskólastjóramir voru vel upplýstir og tóku ábyrgð á þeim málum sem upp komu. Hins vegar kom einnig fram að nauðsynlegt væri fyrir þá að treysta á starfsfólk sitt til þess að bera kennsl á þau börn sem hugsanlega væru þolendur kynferðisofbeldis. Því má ætla að ekki sé nægilegt að leikskólastjórar séu þeir einu sem sérþekkingu hafi á málefningu. Öflug fræðsla á meðal leikskólastarfsmanna er því nauðsynleg í þeim tilgangi að bera kennsl á þau leikskólabörn sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi.

Birting

24.6.2010

URI

<http://hdl.handle.net/1946/5800>